

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Evu Dögg Davíðsdóttur um hagrænt mat á þjónustu vistkerfa og virði náttúrunnar.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Telur ráðherra fýsilegt að gera heildstætt og hagrænt mat á þjónustu vistkerfa Íslands og virði náttúrunnar í efnahagslegum skilningi?*
2. *Hyggst ráðherra beita slíkri vistkerfisnálgun í auknum mæli við stefnumótun og ákvarðanatöku sem tengist t.d. nýtingu á auðlindum?*
3. *Telur ráðherra þörf á að leggja mat á hagrænt gildi óbyggðra víðerna á Íslandi í ljósi sérstöðu þeirra og í ljósi þess að kortleggja þarf víðerni Íslands vegna breytinga á náttúruverndarlögum?*

Við ákvarðanir um nýtingu náttúruauðlinda þarf ávallt að taka mið af sjónarmiðum um sjálfbærni. Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer ekki með málefni auðlinda og náttúruverndar en vert er að benda á að stuðlað er að sjálfbærri þróun, m.a. með lögum nr. 111/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eftir atvikum getur umhverfismat falið í sér hagrænar greiningar. Þá er kolefnishlutlaus framtíð ein af sex velsældaráherslum ríkisstjórnarinnar sem hafa sérstök áhrif á stefnumótun í ríkisfjármálum, þ.m.t. við gerð fjármálaáætlunar ár hvert.

Mat á hagrænu gildi umhverfisþátta, þ.m.t. vistkerfa og víðerna, er í mörgum tilfellum fýsilegt en flókið viðfangsefni þar sem erfitt getur verið að komast að einhlítri niðurstöðu. Vel þekkt vandamál eru við slíkar greiningar eins og fjallað er um í skýrslu Dasgupta um hagfræði líffræðilegrar fjölbreytni sem gefin var út á vegum fjármálaráðuneytis Bretlands á árinu 2021.¹ Það hefur meðal annars reynst vandkvæðum háð að afla áreiðanlegra niðurstaðna um verðmæti umhverfisþátta með spurningakönnunum meðal almennings, sem oft mynda kjarnann í slíkum greiningum.

Á vegum Sameinuðu þjóðanna er unnið að aðferðafræði til að meta verðmæti svokallaðs náttúrulegs fjármagnsstofns, þ.e. tiltekinna þjónustuþátta sem náttúran veitir, svo sem orku-gjafa og uppskeru. Slíkar greiningar geta veitt tiltekna innsýn þótt langt sé í land með að þær fangi allt virði náttúrunnar. Í skýrslu Dasgupta er fjallað um beitingu slíkra greininga í Bretlandi og Kína. Af þeirri umfjöllun má ráða að nokkuð sé í land með að þær greiningar nýtist fyllilega við stefnumótun. Eðlilegt er að viðeigandi aðilar á Íslandi fylgist með þessari alþjóðlegu þróun. Hagstofa Íslands hefur forystu um gerð og samhæfingu opinberra hagtalna á Íslandi.

¹ Dasgupta, P. (2021), *The Economics of Biodiversity: The Dasgupta Review*. (London: HM Treasury).